



## Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 21. júní 2019 kl. 16:30 í fundarherbergi Végarði.

Fundarmenn: Eiríkur J. Kjerúlf formaður, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

### 1. Arnaldsstaðir.

Umsókn um byggingu íbúðarhúss á jörðinni var tekin fyrir á fundi 30. apríl s.l. og eftirfarandi bókað: *Vegna hugsanlegrar ofanflóðahættu telur byggingar- og skipulagsnefnd nauðsynlegt að leita álits Skipulagsstofnunar á því hvort óska beri eftir staðbundnu hættumati hjá Veðurstofu Íslands áður en byggingarleyfið verður veitt. Nú liggur fyrir álit Veðurstofunnar. Eftirfarandi kemur fram í lokakafla álitsins: Að þessu samanteknu er staðaráhættan metin meiri en 1 af 10.000 og jafngildir áhættu á hættusvæði B. Eins og áður segir er ekki er heimilt að skipuleggja íbúðarbyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks sé viðunandi. Staðaráhætta fyrir íbúðarhús þarf að vera minni en 0,3 af 10.000. Byggingarreiturinn stenst því ekki hættumat fyrir íbúðarhús. Áhætta á hættusvæði B telst hinsvegar ásættanlega fyrir frístundahús og mætti reisa slíkt hús á byggingarreitnum. Það yrði þó að hafa í huga að þá væri verið að byggja nálægt hlíð þar sem skriðuhætta er umtalsverð. Það má reikna með að skriður komi áfram til með að valda óþægindum, tjóni og jafnvel stefna lífi fólks í hættu undir þessari hlíð eins og þær gerðu á síðustu öld.*

Í byggingarlýsingu á uppdráttum er gert ráð fyrir að húsið sé steinsteypt og klætt að utan með standandi sviðinni viðarklæðningu. Heildar grunnflötur íbúðarhúss ásamt bílageymslu er 350 m<sup>2</sup> og rúmmál 1243 m<sup>3</sup>.

Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita byggingarleyfi fyrir frístundahúsi á jörðinni skv. framlögðum uppdráttum.

### 2. Umsókn Þ.S. verktaka um stöðuleyfi

Þ.S. verktakar sækja um stöðuleyfi fyrir eldhússkúr við Fljótsdalsheiðarveg milli Sauðabanalækjanna utan við Bessastaðaá. Sótt er um stöðuleyfið vegna framkvæmda við Kröflulínu 3. Áætluð verklok í verksamningi Þ.S. verktaka við Kröflulínu 3 eru 31. ágúst 2020. Verktaki hefur fengið samþykki landeiganda á umræddri staðsetningu. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita umbeðið stöðuleyfi.

### 3. Deiliskipulag í Víðivallaskógi

Byggingarfulltrúi sagði frá samskiptum sínum við Skipulagsstofnun um stöðuna í skipulagsmálum í landi Víðivalla ytri I. Leitað var eftir ráðleggingum

stofnunarinnar á mögulegri lausn málsins. Í stuttu máli má segja að eina lausnin sé að samkomulag náist á milli landeigenda þ.e. leigusala og leigutaka um ágreiningsefnin. Vitað er að landeigendur hafa fengið verkfræðistofu til þess að leggja mat á kostnað við vegagerð skv. upprunalegum deiliskipulagsupprætti. Einnig var lagt mat á kostnaði við ásætlanlega lagfæringu á núverandi vegi um svæðið. Ekkert er vitað um þreifingar milli leigusala og leigutaka um sátt í málinu. Í tölvupósti frá Skipulagsstofnun um málið eru eftirfarandi niðurlagsorð: *Deiliskipulagið getur ekki leyst öll ágreiningsmál en er mikilvægur liður í að skýra stefnu sveitarstjórnar um leyfilega uppbyggingu á svæðinu og einnig réttindi og skyldur lóðarhafa m.t.t. framkvæmda. Hafa þarf í huga að á endanum er gerð deiliskipulagsins á ábyrgð sveitarstjórnar og að framkvæmdir séu í samræmi við gildandi deiliskipulagi.*

#### **4. Mannvirki Fljótsdalshrepps í Fjallaskarði**

Á fundi sveitarstjórnar 04.06 2019 var til umræðu eldri hús í Fjallaskarði og endurbætur á þeim, hvernig ætti að standa að þeim o.fl. var rætt tengt mannvirkjum Fljótsdalshrepps í Fjallaskarði. Fjallaskarð er innan stjórnsýslumarka Fljótsdalshéraðs, en öll mannvirki á staðnum talin eign Fljótsdalshrepps. Svæðið hefur verið dæmd þjóðlenda, en hefur ekki verið stofnuð í fasteignaskrá sem slík. Óskað er eftir að byggingar-og skipulagsnefnd taki bókun sveitarstjórnar til umræðu á næsta fundi nefndarinnar.

Nefndin ræddi erindið og ákvað að ráðast í skoðunarferð í Fjallaskarð og taka út ástand mannvirkja og koma síðan með tillögur um aðgerðir. Nefndin minnir á að leigutakar að skálanum tóku (skv. samningi) að sér að fjarlægja A-húsið en ekkert hefur bólað á efndum. Tímabært er að minna þá á verkefnið.

#### **5. Erindi frá Mannvirkjastofnun**

Mannvirkjastofnun vinnur að því að opna byggingargátt með rafrænu gagnasafni og býður sveitarfélögum aðgang að henni. Rafrænt gagnasafn er með upplýsingar um allt byggingareftirlit og mannvirkjagerð á landinu. Innan þess er hægt að geyma á einum stað öll gögn svo sem allar teikningar og önnur gögn embætta byggingarfulltrúa. Farið var yfir kynningarefnið og er byggingar- og skipulagsnefnd sammála um að mæla með því að Fljótsdalshreppur gerist aðili að byggingargáttinni.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:20

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf, Helga H. Vigfúsdóttir  
Jón Þór Þorvarðarson